

# Varmahlíðarskóli



## Skýrsla um sjálfsmat

2007 – 2008

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Um Varmahlíðarskóla .....	3
Þróunar- og nýbreytnistarf .....	5
1. Grænfáninn .....	6
2. Áframhaldandi erlent samstarf .....	6
3. Samstarf skólans og Leikskólans Birkilundar .....	7
4. Skólahald í strjálbýli .....	7
5. Aukið val .....	7
Vélfræði- og járnsmíðastofa .....	7
UTN .....	8
6. Mentor o. fl. ....	8
7. Eineltismál .....	8
8. Skólanámskrá .....	9
Sjálfsmatið í vetur .....	10
Skimun .....	11
Niðurstöður skimunarinnar: .....	11
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf .....	13
Áætlun um innra mat 2007 – 2008 .....	15

# Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat í öllum grunnskólum. Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið og um leið mat á árangri skólans, með markmið hans sem viðmið. Í sjálfsmatinu koma fram bæði sterkir þættir og veikir. Um veiku þættina gildir að fram þurfa að koma tillögur um úrbætur.

## **Tilgangur sjálfsmatsins er þannig sá, að gera góðan skóla betri.**

Frá haustinu 2002 hefur sjálfsmat Varmahlíðarskóla byggst á Gæðagreinalíkani því sem gefið var út af Skólaskrifstofu Skagfirðinga sumarið 1999. Eins og lesa má í sjálfsmatskýrslu síðasta árs stóð til að taka fyrir Gæðagreina 2 og 3 þetta skólaár og gekk það eftir.

Varmahlíðarskóli notast við könnunarforritið Glerverk. Forrit þetta er til mikillar hagræðingar varðandi ýmiss konar skoðanakannanir o.þ.h. Árlega er lögð könnun fyrir úrtak foreldra, á foreldradegi í október. Nokkru sjaldnar eru nemendur í eldri bekkjum skólans fengnir til að svara nokkrum spurningum um skólann á þennan hátt, og var það gert vorið 2006. Þriðja hvert ár er lögð könnun fyrir starfsmenn skólans og var það gert í vorið 2007 og einnig í ár. Niðurstöður þessara foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, [www.varmahlidarskoli.is](http://www.varmahlidarskoli.is) (smellið á „Hagnýtar upplýsingar“). Þær gefa ekki tilfni til sérstakra viðbragða af hálfu skólans.

## Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði. Nemendur Grunnskóla Akrahrepps höfðu flust í Varmahlíðarskóla að loknum 7. bekk, en frá og með haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Nokkrir nemendur koma annars staðar að úr héraðinu. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Samkennsla var í 4. og 5. bekk. Nýbúar voru engir að þessu sinni. Í lok skólaársins var skipting nemenda á bekkjardeildir þessi:

1. bekkur 9 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
2. bekkur 16 nemendur	Umsjón Helga Sjöfn Helgadóttir
3. bekkur 18 nemendur	Umsjón Sigrún Benediksdóttir
4. bekkur 13 nemendur 5. bekkur 9 nemendur	Samkennsla, umsj. Kristvina Gísladóttir
6. bekkur 11 nemendur	Umsjón Margrét Óladóttir
7. bekkur 11 nemendur	Umsjón Ásdís S. Sigurjónsdóttir
8. bekkur 13 nemendur	Umsjón Íris Olga Lúðvíksdóttir
9. bekkur 13 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir
10. bekkur 19 nemendur	Umsjón Magnús Óskarsson

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 12 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans þjálfun í fingrasetningu, auk annarrar tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Nemendum í 10. bekk bauðst að nýta tölvutímana til setu í áfanganum UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu allir nemendur sér það. Nýtt bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með

tölvuverinu þegar það á við. Textílmennt, smíðar og heimilisfræði eiga einnig sínar sérgreinastofur. Þá var í vetur komið á fót mállsmíðastofu og er gerð nánari grein fyrir henni síðar í skýrslunni.

**Starfsmenn skólans** eru 44, en stöðugildin nokkru færri. **Kennarar** eru 17 auk skólastjóra en þar af eru nokkrir í hlutastarfi. Fimm stuðningsfulltrúar starfa við skólann, allir í hlutastarfi. Kennsluráðgjafi skólans er í námsleyfi og einn stuðningsfulltrúi er í barnsburðarleyfi.

Við skólann starfa húsvörður (í aðalhúsi) og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír, í mötuneyti fimm og skólaliðar eru sjö. Margir þessara starfsmanna eru í hlutastörfum. Auk þess er einn starfsmaður í afleysingum í þessum störfum.

Skólastarf hefst kl. 8:30 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar og heimaksturinn að þeim loknum.

Skólinn er einsetinn og í **mötuneytinu** fá nemendur (og þeir starfsmenn, sem þess óska) morgunverð, hádegisverð og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur, ef þannig stendur á spori.

**Tónlistarskóli Skagafjarðar** nýtir hluta gömlu heimavistarinnar og eiga nemendur kost á að sækja tónlistarkennslu á daginn.

## Þróunar- og nýbreytnistarf

Þegar litið er um öxl til liðins vetrar má, nú sem fyrr, tína til ýmislegt sem heyrir undir þessa yfirskrift. Áhugasömum er bent á að lesa vorskýrslu skólans.

Í Varmahlíðarskóla er reynt eftir megni að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í menntun grunnskólabarna og starfsmanna. Það er stefna skólans að hafa heimabyggðina í hávegum og að vera í fremstu röð sambærilegra stofnana í notkun upplýsinga- og tölvutækni.

Hér eru talin upp helstu atriði, sem ætlunin er að sinna sérstaklega veturinn 2008 – 2009:

1. Grænfáninn
2. Áframhaldandi erlent samstarf
3. Samstarf skólans við Leikskólann Birkilund
4. Skólahald í strjálbýli
5. Aukið val

Í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs eru, auk áðurnefndra, þessi atriði talin til:

6. Mentor
7. Eineltismál
8. Skólanámskrá

Hér á eftir verður reynt að gera starfinu að þessum þáttum einhver skil.

## **1. Grænfáninn**

Sérstakur stýrihópur var settur á laggirnar, til að halda utan um Grænfánaverkefnið. Sökum tímaleysis hefur minna áunnist en vonir stóðu til, en þó má nefna að skólinn hefur komið sér upp moltugerðarkassa og flokkunarkössum fyrir úrgang í heimilisfræði, og er reiknað með að notkun þeirra hefjist í upphafi næsta skólaárs. Nemendur unnu að gróðursetningu trjáa og rusl var tínt á skólalóðinni. Myndmenntakennari o.fl. hafa verið dugleg við að endurnýta pappír.

Þó hér hafi nokkur atriði verið talin upp er ljós að átaks er þörf, ef áfram skal stefnt að Grænfánanum. Nauðsynlegt er að stýrihópur komi saman á starfsdögum í ágúst og leggi línurnar fyrir veturinn, og að eftir þeim verði farið.

## **2. Áframhaldandi erlent samstarf**

Reynslan af Comeniusarverkefni því, sem lauk vorið 2006, þótti svo góð að ákveðið var að sækja aftur um samstarfsverkefni við evrópska skóla.

Nemendur 7. bekkjar eru nú þátttakendur í fjölþjóðlegu verkefni sem fjallar um orku og endurnýtanlega orkugjafa. Verkefnið er til tveggja ára og styrkt af Comeniusarsjóði. Löndin sem taka þátt eru: Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, England og Ísland. Á s.l. hausti hófst verkefnið formlega með því að kennarar frá þeim skólum sem að því vinna komu í Varmahlíðarskóla og voru hér í þrjá daga. Þessa daga var farið með gestina í ýmsar skoðanaferðir, t.d. í Hitaveitu Sauðárkróks, Blönduvirkjun, Kröfluvirkjun o.fl. ásamt því að hafa vinnufundi um skipulag samstarfsins.

Allir skólarnir settu upp litlar veðurathugunarstöðvar í haust og héldu nemendur daglega skár yfir hitastig, vind, skýjafar og úrkomu. Einu sinni í mánuði hafa upplýsingarnar verið sendar frá öllum skólunum. Verkefnið hefur sameiginlega heimasíðu á Yahoo-vefnum þar sem hver skóli setur inn upplýsingar frá sér. Í hverjum mánuði hafa verið send 5 orð á hljóðskrá ásamt texta á milli skólanna til að nemendur kynnist aðeins framburði og læri nokkur orð í tungumálum samstarfsþjóðanna. Í öllum skólunum verður farið yfir endurnýjalega orkuframleiðslu eins og jarðvarma, vatnsorku, sólarorku, vindorku, orku úr lífmassa og sjávarfallaorku. Þá er athygli nemenda vakin á því hvernig hvert heimili getur lagt sitt að mörkum við að spara orku.

Í vor fóru nemendur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Blönduvirkjun og Hellisheiðarvirkjun til að átta sig betur á hvernig rafmagn verður til í helstu virkjunaraðferðum á Íslandi.

Næsta vetur verður svo m.a. farið í útskýringar á kostum og göllum rafmagnsframleiðslu með t.d. kjarnorku, olíu, kolum og fl.

Samstarfið við Hørup-skólann í Sydals á Jótlandi hefur haldið áfram og í vor lá leið 10. bekkinga og fararstjóra þangað.

### **3. Samstarf skólans og Leikskólans Birkilundar**

Vorið 2007 var komið á starfshópi skólans og Leikskólans Birkilundar til að efla samstarf þessara tveggja stofnana. Jafnframt var sótt um styrk úr Sáttmálasjóði K.S. til verkefnisins.

### **4. Skólahald í strjálbýli**

Vorverkefni nemenda miðuðust sem fyrr við það markmið að laga skólahaldið að hinu dreifbýla samfélagi í heimabyggðinni. Um það bera aðrar skýrslur vitni.

### **5. Aukið val**

Það hefur lengi verið leitað leiða til að auka val nemenda, einkum í 10. bekk. Segja má að nokkuð hafi miðað, einkum á þremur sviðum:

#### **Vélfræði- og járnsmíðastofa**

Margoft og víða hefur komið fram að áhugi er fyrir auknum möguleikum til verklegs náms í elstu bekkjunum. Auk almennrar umræðu má nefna svör brautskráðra nemenda í könnun, sem lögð var fyrir allmarga árganga fyrir nokkrum árum. Nú hefur slík stofa verið sett á laggirnar á neðstu hæð skólahúsnæðisins. Náið samráð hefur verið haft við starfsmenn iðnbrauta FNV, auk þess sem fjármagn fékkst úr hinum nýja Sáttmálasjóði KS. Þar fá nemendur 8. 9. og 10. bekkjar kennslu í vél- og málmsmíði.



## **UTN**

Undanfarin ár hefur tölvukennsla í 10. bekk miðast við að öllum nemendum væri kennt í samræmi við fyrsta UTN-áfangann í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, í samvinnu við þann skóla. Allir nemendurnir sátu þessa tíma að þessu sinni og stóðust þeir allir þær kröfur, sem FNV gerir til að fá námið metið til eininga.

### **6. Mentor o. fl.**

Í Varmahlíðarskóla hefur frá upphafi verið stefnt að því að nýta Mentor sem best og fylgja þróun kerfisins eftir. Í samræmi við það voru kennsluáætlanir vetrarins unnar í kerfinu. Nokkuð skortir á að kennarar nýti Mentor sem skyldi og er það m.a. staðfest í starfsmannakönnuninni í vor. Stöðugt bætast við kerfið ýmsar nýjungar, ekki síst tengdar námsmati, og ætti því nú að vera lag að gera átak í nýtingu þessa upplýsingakerfis og stefnt er að því að fá námskeið fyrir kennara næsta haust. Bætt netsamband í strjálbýli, sem nú er boðað af þess til bærum aðilum, kemur auk þess til með að auka kröfur heimilanna um notkun þessa verkfæris. Kennarar á yngsta stigi hafa horfið frá því að gera heimavinnuáætlanir í Mentor en tekið upp skilaboðaskjóður að norski fyrirmynd, þar gefst svigrúm til að koma öllu því á framfæri við foreldra sem þurfa þykir og ríkir almenn ánægja með þetta fyrirkomulag. Kennarar á miðstigi hyggjast nota Mentor við gerð vikuáætlana næsta vetur en kennarar á unglíngastigi ætla að nota skólalagbækur sem nemendur skrifa sjálfir í .

### **7. Eineltismál**

Áfram var unnið undir merkjum Olweusar. Eitt af skilyrðunum fyrir því er að skólinn geri og birti eineltisáætlun skólans. Hún hefur verið til á myndrænu formi, og hangið uppi í skólanum um nokkurra ára skeið og eineltisáætlunina er að finna á vef skólans.

Í haust var haldinn upprifjunarfundur í skólanum þar sem farið var yfir átaksáætlun Olweusar gegn einelti. Þessi kynning var fyrir alla kennara. Vetrarstarfið var með svipuðum hætti og venjulega. Bekkjarfundir voru haldnir vikulega í öllum bekkjum þar sem farið var yfir ýmis mál sem upp komu. Eineltisreglur voru yfirfarnar í öllum bekkjum og hengdar upp í bekkjarstofum. Einu sinni á önn var almennur starfsmannafundur þar

sem farið var yfir alla bekki í skólanum. Olweusarkönnun var haldin í nóvember fyrir 4.-10. bekk og niðurstöður kynntar á starfsmannafundi. Þar kom fram sú staðreynd að svipað ber á einelti og veturinn áður. Átak gegn einelti er orðinn fastur liður í starfi skólans og allir meðvitaðir um hversu mikilvægt er að fyrirbyggja einelti og taka strax á málum sem upp koma.

## **8. Skólanámskrá**

Þessum lið mætti skipta í þrjá þætti:

- I. Pési – almenni hluti skólanámskrárinnar. Hann var endurskoðaður haustið 2006 og gefinn út á Netinu, undir vef Varmahlíðarskóla. Ákveðið var að gefa hann ekki út á prenti að þessu sinni.
- II. Starfsmannahandbók. Vinna að efnisöflun fyrir starfsmannahandbókina hefur að mestu legið niðri í vetur en vonir standa til að hún verði tilbúin í handriti næsta haust.
- III. Þá er þess að geta að endurskoðun á Aðalnámskrá grunnskóla er nú lokið og því hefur þurft að endurskoða ýmsa þætti í námskrá skólans í framhaldi af því.

## **Sjálfsmatið í vetur**

Eins og fram hefur komið í eldri skýrslum, hefur skólinn notast við Gæðagreinana í sjálfsmatsvinnunni undanfarin ár. Sjálfsmatslíkan þetta er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í flestum skólum í Skagafirði og víðar um land.

Líkanið byggir á því að skólastarfinu er skipt í sjö lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvö eða fleiri þemu.

Lykilþættirnir eru:

1. Námskrá
2. Árangur
3. Nám og kennsla
4. Stuðningur við nemendur
5. Starfsandi
6. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu
7. Stjórnun, forysta og trygging gæða.

Fyrir þessa lykilþætti alla skal gefa einkunn, ýmist eina heildareinkunn eða greint niður í einstök þemu. Einkunnin skal vera á bilinu 1 – 4, samkvæmt eftirfarandi skala:

4	<i>Mjög gott</i>	- Afar sterkur þáttur
3	<i>Gott</i>	- Sterk atriði veigameiri en slök
2	<i>Sæmilegt</i>	- Mikilvæg atriði slök
1	<i>Ófullnægjandi</i>	- Afar slakur þáttur

Í vetur hafa kennarar haldið áfram vinnu í Gæðagreinunum. Við tókum Gæðagreina 2 sem fjalla um árangur og 3 sem fjalla um nám og kennslu. Í nóvember var foreldra-könnun fyrir foreldra nemenda í 4., 7. og 10. bekk lögð fyrir í Glerverki. Niðurstöður hennar voru kynntar á starfsmannafundi. Könnun var lögð fyrir starfsmenn að vori.

## Skimun

Þegar unnið er eftir Gæðagreinalíkaninu er gert ráð fyrir að á síðasta kennarafundi ár hvert sé gerð snöggskimun á öllum gæðagreinunum, þar sem hver kennari gefur hverju þema einkunn. Þetta er nafnlaus könnun og tilgangurinn er að finna ef óánægja ríkir með einhverja þætti í skólastarfinu þannig að bregðast megi við og endurskoða matsáætlun (forgangsröð) í framhaldi af því.

### Niðurstöður skimunarinnar:

Þær eru settar fram í töflunni hér á eftir. Reyndar eru fullyrðingarnar hér settar fram í símskeytastíl en eru mun ítarlegri á blaðinu, sem kennarar fá til að vinna með. Reiknuð er út meðaleinkunn, og hlutfall þeirra sem gefa einkunnina 3 eða 4. Vakin er athygli á þeim þáttum, sem koma út undir 80%, með rauðum leturlit. Í aftasta dálkinum sést sama hlutfall, m.v. sambærilega skimun í lok skólaársins 2006 – 2007. Neðanmáls eru nokkrar athugasemdir eða skýringar.

<b>Gæðagreinar og þemu</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>Meðal- einkunn</b>	<b>% m. eink 3 eða 4</b>	<b>2007</b>
1.1 Uppbygging skólanámskrár, breidd og jafnvægi	1	1	11		2,77	85%	64%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, samþætting <sup>1</sup>	1	7	5		2,31	38%	30%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, stundaskrá	1		12		2,85	92%	91%
1.1 Uppbygging skólanámskrár, valgreinar <sup>2</sup>	1	7	5		2,31	38%	0%
1.2 Gæði áætlana, breidd, jafnvægi, val		3	11		2,79	79%	80%
1.2 Gæði áætlana, samþætting, samfella, stígandi		2	12		2,86	86%	91%
1.2 Gæði áætlana, stuðningur/leiðsögn við kennara		1	13		2,93	93%	67%
1.3 Gæði áætlana hjá kennurum <sup>3</sup>		4	9		2,69	69%	85%
2.1 Árangur í námsgreinum			13		3,00	100%	100%
2.2 Árangur í samræmdum prófum		2	12		2,86	86%	100%
2.3 Heildarárangur			14		3,00	100%	90%
3.1 Gæði kennslunnar, val á kennsluaðferðum			14		3,00	100%	100%
3.1 Gæði kennslunnar, framsetning og tilgangur			14		3,00	100%	92%
3.1 Gæði kennslunnar, samskipti milli nemenda og kennara			10	4	3,29	100%	93%
3.2 Gæði námsins, hvetjandi		2	12		2,86	86%	92%
3.2 Gæði námsins, framfarir		1	13		2,93	93%	100%
3.2 Gæði námsins, eigin ábyrgð nemenda <sup>4</sup>		8	6		2,43	43%	46%
3.2 Gæði námsins, samvinna og samskipti		1	13		2,93	93%	91%

<sup>1</sup> Sífellt er verið að vinna að þessum lið.

<sup>2</sup> Nokkuð hefur áunnist, sbr. málmsmíðastofuna, sjá annars umfjöllun annars staðar í skýrslunni.

<sup>3</sup> Greinilega er þörf á að einhver haldi utan um áætlanagerðina.

<sup>4</sup> Til stendur að auka ábyrgð nemenda við endurskoðun námsmats m.a. með nýjum möguleikum í Mentor.

3.3 Þarfir nemenda, val á námsefni og verkefnum <sup>5</sup>	4	10		2,71	71%	69%	
3.3 Þarfir nemenda, hraði yfirferðar	3	11		2,79	79%	75%	
3.3 Þarfir nemenda, reynsla og áhugasvið nemenda <sup>6</sup>	8	5	1	2,50	43%	15%	
3.3 Þarfir nemenda, stuðningsaðilar	5	7	2	2,79	64%	78%	
3.4 Mat sem liður í kennslu, mats- og skráningaraðferðir <sup>7</sup>	5	8	1	2,71	64%	62%	
3.4 Mat sem liður í kennslu, gæði matsákvæðana	1	12	1	3,00	93%	69%	
3.4 Mat sem liður í kennslu, notkun matsupplýsinga		3	11	3,79	100%	62%	
3.5 Samskipti við foreldra, skipulag foreldrasamskipta		2	12	3,86	100%	86%	
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um einstaka nemendur		3	11	3,79	100%	86%	
3.5 Samskipti við foreldra, uppl. um skólastarfið		2	12	3,86	100%	95%	
4.1 Umönnun, þarfir nemenda		7	7	3,50	100%	83%	
4.1 Umönnun, stuðningur við nemendur		6	8	3,57	100%	100%	
4.2 Þroski og lífsleikni, jákvæð viðhorf		13	1	3,07	100%	92%	
4.2 Þroski og lífsleikni, utan námskrár		10	4	3,29	100%	64%	
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, val á menntun		14		3,00	100%	67%	
4.3 Gæði náms- og starfsráðgjafar, tilgangur upplýsinga		1	13	2,93	93%	75%	
4.3 Náms- og starfsráðgjöf, sérþekking <sup>8</sup>	1	5	8	2,50	57%	56%	
4.4 Hlutverk ráðgjafar í árangri, skilvirkni		14		3,00	100%	100%	
4.4 Hlutverk ráðgjafar, gæði skráðra upplýsinga		1	13	2,93	93%	100%	
4.4 Hlutverk ráðgjafar, notkun fyrirbyggjandi upplýsinga		2	12	2,86	86%	100%	
4.5 Stuðningur, gæði áætlana		13	1	3,07	100%	100%	
4.5 Stuðningur, framfarir og árangur		14		3,00	100%	100%	
4.5 Stuðningur, utanaðkomandi		2	12	2,86	86%	89%	
4.6 Reglugerð um sérkennslu, uppfylling		13	1	3,07	100%	100%	
4.6 Reglugerð um sérkennslu, framkvæmd ákvæða	1	12	1	3,00	93%	100%	
4.6 Reglugerð um sérkennslu, þekking og skilningur		13	1	3,07	100%	88%	
4.7 Úrræði, skilvirkni A		13	1	3,07	100%	89%	
4.7 Úrræði, skilvirkni B		13	1	3,07	100%	89%	
5.1 Starfsandi, stolt og ánægja		2	12	3,86	100%	100%	
5.1 Starfsandi, jákvætt andrúmsloft		1	13	3,93	100%	100%	
5.1 Starfsandi, samskipti meðal nem. og kenn.		2	13	3,87	100%	100%	
5.1 Starfsandi, væntingar		2	12	3,86	100%	100%	
5.1 Starfsandi, hegðun og agi		2	12	3,86	100%	92%	
5.2 Samstarf, hvatning til foreldra	1	5	8	3,50	93%	100%	
5.2 Samstarf við foreldra, viðbrögð skóla	1	7	6	3,36	93%	100%	
5.2 Samstarf skóla og skólanefndar, skilvirkni <sup>9</sup>		4	5	3	2,92	67%	44%
5.3 Tengsl við aðrar menntastofnanir	2	3	8	1	2,57	64%	44%
5.3 Tengsl við félagasamstök <sup>10</sup>	3	9	2		1,93	14%	70%
5.3 Tengsl við opinberar stofnanir	3	4	7		2,29	50%	50%
6.1 Húsnæði og aðstaða <sup>11</sup>	8	5	1	2,50	43%	62%	

<sup>5</sup> Sífellt er verið að huga að þessum þætti.

<sup>6</sup> Finna þarf leiðir til að nýta betur reynslu og áhugasvið nemenda í skólastarfinu.

<sup>7</sup> Matsaðferðir verða endurskoðaðar næsta haust.

<sup>8</sup> Ekki er völ á sérmenntuðum námsráðgjafa við skólann. Þessu er sinnt af almennum kennara sem hefur lagt sig eftir málefninu.

<sup>9</sup> Almennir kennarar vita e.t.v. ekki nóg um skipan þessara mála. E.t.v. mætti kynna þetta betur.

<sup>10</sup> Hér er greinilega pottur brotinn og þörf á að endurskoða þessi mál öll, eða hvað?

<sup>11</sup> Mjög er farið að þrengja að starfsemi og næsta vetur fjölgað bekkjardeildum um eina. Einnig er brýn þörf fyrir fleiri sérgreinastofur t.d. tungumála-. Vinna við endurnýjun smíðastofunnar er þó hafin og von á góðu þar.

6.2 Búnaður, nægilegt fjármagn		3	10	1	2,86	79%	67%
6.2 Búnaður nægur, fjölbreyttur	1	2	10	1	2,79	79%	69%
6.3 Skipulag, aðgengi búnaðar		2	11	1	2,93	86%	77%
6.3 Skipulag, nýting		2	8	4	3,14	86%	83%
6.3 Skipulag, sýning		2	8	4	3,14	86%	91%
6.4 Mannafli nægur			6	7	3,54	100%	92%
6.4 Mannafli, starfsfólk hæft			7	7	3,50	100%	100%
6.5 Nýting mannafla, skilvirkni			9	3	3,25	100%	92%
6.5 Nýting mannafla, skipting	2	9	3	3,07	86%	83%	
6.5 Nýting mannafla, mögul á stuðningi		11	3	3,21	100%	100%	
6.5 Nýting mannafla, stuðningsfulltrúar		10	4	3,29	100%	92%	
6.6 Starfsmat, símenntun	3	11		2,79	79%	83%	
6.6 Starfsmat	1	13		2,93	93%	100%	
6.6 Starfsmat, skilvirkni starfsþróunar	2	12		2,86	86%	80%	
6.7 Rekstur, dagleg fjárhagsstjórnun		2	6	3,75	100%	89%	
6.7 Rekstur skólans, fjárhagsáætlun		3	5	3,63	100%	100%	
6.7 Fjárhagur skólans		3	5	3,63	100%	100%	
7.1 Sjálfsmat, þátttaka		11	3	3,21	100%	100%	
7.1 Sjálfsmat fylgjast kennarar í stjórnunarstöðum með? <sup>12</sup>	1	2	7	1	2,73	73%	
7.1 Sjálfsmat, notkun matsupplýsinga	2	11	1	2,93	86%	89%	
7.1 Stjórnun skólans metin	4	5	1	2,70	60%	90%	
7.4 Skilvirkni skólastjóra, fagmennska		12	2	3,14	100%	92%	
7.4 Skilvirkni skólastjórnaenda, gæði stjórnunar	1	12	1	3,00	93%	92%	
7.4 Skilvirkni skólastjórnaenda, samskipti	2	11	1	2,93	86%	92%	

## Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Hér og hvar í skýrslu þessari er minnst á næstu skref. Hér á eftir eru þau helstu dregin saman á einn stað. Önnur verkefni sem talin voru upp í síðustu skýrslu eftir hugstormun kennara á haustfundi kennara árið 2006 hafa settið á hakanum, eða ekki gengið eftir sem skyldi, af ýmsum orsökum.

- Námsmat. Þróun námsmats er eitt af því sem brennur á kennurum Varmahlíðar-skóla, sem og víðast annars staðar. Mikil gerjun er á þessu sviði í grunnskólum landsins og er nauðsynlegt fyrir skólann að fylgja þróuninni. Sérstakur vinnuhópur, sem mun hafa það að markmiði að leggja línurnar um endurmenntun kennara varðandi nýjar áherslur í námsmati og innleiðingu þeirra. Vert er að geta Mentors í þessu sambandi, en þar á bæ hafa komið fram ýmsar nýjungar varðandi

<sup>12</sup> Var ekki með í síðustu skýrslu því þá voru engir kennarar í stjórnunarstöðum

námsmat, ekki síst sjálfsmatið eða svokallað stöðumat. Eins og fram kemur í skimuninni meðal kennara finnst þeim nokkuð skorta á að nemendur taki næga ábyrgð á eigin námi og ætti því að vera lag að nýta þetta.

- Grænfáninn. Eins og fram kemur annars staðar í þessari skýrslu, er ætlunin að stauta áfram veginn í átt að Grænfánanum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu pappírs.
- Nýjar námskrár. Aðlögun grunnskólastarfs að nýrri Aðalnámskrá skyldi hefjast skólaárið 2007-2008 og vera að fullu lokið innan þriggja ára. Frá og með haustinu 2007 hafa kennsluáætlanir verið unnar í samræmi við nýjar námskrár, um leið og kennararnir hafa kynnt sér áorðnar breytingar. Um leið verði markvisst hugað að samfellu og uppfyllingu markmiða námskrárinnar.
- Samstarfi skólans og Leikskólans Birkilundar verður haldið áfram.
- Sumarlestur. Undanfarin sumur hefur bókasafn skólans staðið fyrir sumarlestri sem hefur mælst vel fyrir og aðsókn aukist jafnt og þétt. Áætlað er að halda þessu verkefni áfram og hefur það nú hlotið styrk úr Sáttmálasjóði KS. til tveggja ára.

## **Áætlun um innra mat 2008 – 2009**

### **Gæðagreinarnir:**

Veturinn 2008 – 2009 er komið að því að leggja mat á gæðagreinaflokka 4 og 5. Lagt er til að í ágúst verði sérstaklega hugað að sjálfsmati á námsmati, og að nýtt teymi um endurskoðun námsmats haldi utan um þá vinnu og nýti sér niðurstöðurnar. Sérstaklega verði hugað að hlut námsmats við gerð kennsluáætlana. Þá er og lagt til að starfsdagur s.hl. vetrar verði helgaður sjálfsmatinu (gæðagreinunum), t.d. þriðjudagurinn eftir páska og auk þess einn starfsdagur að vori ef þurfa þykir.

**Nóvember**, með foreldraviðtölum:

Foreldrakönnun.

**Júní:** Skýrsla.